

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, gatnamót Reykjanesvegur og Grindavíkurvegur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. febrúar 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1996, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að opið óbyggt svæði við gatnamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegur verður fyrir verslun og þjónustu.

Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 220

24. mars 1997

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Vitastígur 3.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 frá 20. febrúar 1992, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóð nr. 3 við Vitastíg breytist úr iðnaði í blandaða notkun athafna og íbúða.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 24. mars 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.